

PABBI PRÓFESSOR

íttiheldur
meðal annars:
PABBAJÓLALISTANN
(allt sem pabbar verða
að gera svo jólin,
kjórist ekki)

Jupp!
þetta
gerdist
lestu bara
söguna!

enn ein
fáranlega
skemmtileg
bók eftir

GUNNAR
HELGASON



Gunnar Helgason

PABBI PRÓFESSOR



MÁL OG MENNING

Þakkir:


Arnar Helgi Lárusson, hjólastólasérfræðingur
Baldur Þórhallsson, háskólaprófessor
Arna Sigríður Albertsdóttir, lífsérfræðingur
Arnór Björnsson, bananabrandarasérfræðingur
Ahd Tamimi, múslimajólasérfræðingur
Björk Jakobsdóttir, hvatningasérfræðingur
Felix Bergsson, hvatningasérfræðingur
Ásmundur Helgason, ómeðvirknisérfræðingur

Pabbi prófessor

© Gunnar Helgason 2016

Mál og menning
Reykjavík 2016

Öll réttindi áskilin.

Kápa og handskrift: Rán Flygenring
Ljósmynd af höfundi: Óli Gunnar Gunnarsson
Umbrot: Eyjólfur Jónsson
Letur í meginmáli: Meridien 11,5/15 pt.
Prentun: Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja 

Gefin út í Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9979-3-3712-6

Mál og menning er hluti af  Forlaginu ehf.
www.forlagid.is

Björgunin

23 og rúmlega hálfur dagur til jóla

Pabbi stóð titrandi í eigin svitapollu. Hann var að deyja þarna uppi. Hann leit yfir áhorfendasalinn og það var eins og hann væri að kalla á hjálp.

„Hjálp!“ sögðu grábláa augun hans. „Hjálp!“

En munnurinn sagði:

„Iss, piss og pelamál, bannað að pissa í skóna!“

Allur salurinn stundi af hneykslan. Hvað átti þetta að þýða hjá háskólaprófessornum?

Ég ákvað að hjálpa honum.

Ég sveif upp á svið og klappaði honum vinalega á öxlina.

Hann leit á mig skelfdum augum – en þakk-látum.

Ég leit yfir salinn og sá að allir gestirnir voru fegnir því að einhver hefði komið upp á sviðið til að bjarga þessum vandræðalega prófessor.

Pabba prófessor.

Ég brosti.

Allir brostu á móti.

Ég var með áhorfendur í lófunum.

Ég ræksti mig.

Áhorfendur önduðu djúpt.

Hvað átti ég að segja?

Það fyrsta sem mér datt í hug var að herma eftir pabba. Hvað var dæmigert fyrir pabba? Máls- háttur! Ég ákvað að byrja á máls hætti:

„Bragð er að þá barnið finnur ... (allir hlógu því ég hljómaði nákvæmlega eins og pabbi. Svo notaði ég mína rödd og hélt áfram) ... og ég fann að ég þurfti að bjarga pabba mínum ... (allir hlógu enn meira).“

Ég náði honum fullkomlega.

Ég bjargaði pabba mínum.

Eða þannig.

Ég vildi að ég hefði getað bjargað honum. En það var vonlaust fyrir stelpu í hjólastól að komast upp á þetta svið.

Pabbi stóð við ræðupúltið og **átti** að vera að halda ræðu.

En hann sagði ekki neitt. Talaði ekki neitt. Hann renndi hendinni í gegnum hárið á sér, lagaði bindishnúttinn og nuddaði höndunum saman. Og svitnaði bara og svitnaði.

Ég gat ekki bjargað honum. Hann var í nýjum jakka- fötum sem ég hafði valið á hann (djúp-gráyrjótt föt, vesti í stúl, hvít skyrta og skáröndótt bindi, gult og blátt). Fötin voru úr hnausþykku (og fallegu) ullarefni sem var ekki að hjálpa honum mikið við að hætta að svitna.

Hann starði á blöðin sín og virtist ekki vita hvert hann var kominn í ræðunni. Ég hefði getað sagt honum það: *Hann var ekki einu sinni byrjaður!* Samt var hann búinn að

rugla öllum blöðunum þannig að hann vissi ekki hvar eða hvernig hann átti að byrja.

Hann var búinn að standa þarna í milljón mánuði án þess að byrja á ræðunni sinni. Þetta var það vandræðalegasta sem ég hafði lent í.

Pögnin í hátíðarsal Háskóla Íslands var þrúgandi. Hún var ærandi. Hátíðargestirnir sem fylltu salinn störfu á þabba eins og þeir væru að horfa á aftöku, með vantrú, vorkunn og viðbjóð í svipnum.

Mamma sat við hliðina á mér með bros og brjálsemi í augunum. Hún gat ekki heldur hjálpað. Það var eins og hún væri að reyna að senda þabba skilaboð í huganum: *Lítu til mín, horfðu á mig ...*

Pabbi virtist ekki heyra hugsanir mömmu og svitnaði bara meira. Hann opnaði munninn.

Allir héldu að nú myndi hann byrja að tala. En hann hætti við.

Ég leit á ömmu. Hún var orðin sveitt á efri vörinni. Hún sat við hliðina á mér, stíf og brosandí, og lét eins og allt væri í stakasta lagi. Eins og það væri bara eðlilegt að sonur hennar gæti ekki flutt ræðuna sem hann var búinn að flytja hundrað þúsund sinnum fyrir okkur öll.

Palli leit á mig og hristi höfuðið áður en hann tók fyrir andlitið. Það var eins og hann skammaðist sín fyrir þabba. Mig langaði að hjálpa þabba en gat ekkert gert frekar en nokkur annar í salnum. Greyið pabbi. Elsku pabbi. Af hverju gat hann ekki flutt þessa ræðu? Hann sem var svo vanur að tala fyrir framan fólk þegar hann var að kenna. Hvernig gat hann klikkað á degi eins og þessum? Hann hafði dreymt um það í mörg ár að fá að halda hátíðarræðuna í Háskólanum á fullveldishátíðinni þann 1. desember og loksins þegar hann fékk að gera það klikkaði hann. Á ögurstundu. Pabbi prófessor var

orðinn pabbi fiskur. Hann opnaði og lokaði munninum eins og fiskur á þurru landi sem er að reyna að ná andanum.

Ó mæ god, hvað ég vorkenndi honum. Meira að segja Siggí áttaði sig á því að það var eitthvað að. Hann hvíslaði að mömmu:

„Mamma, ég get baða faðið upp á svið og sagt bananabðandaðann minn!“ Hann bætti við heimasníðuðum málshætti: „Oft getuð baðn bjaðgað föðuð sínum!“ Hann ætlaði að standa á fætur.

„Sssh!“ hvæsti mamma og rétti út hægri höndina til að stoppa Siggá. Hún lét þetta ekki trufla sig í að reyna að ná hugsanaflutnings-sambandi við pabba. Hún starði enn ákafar á hann en áður. Ég leit líka á hann. Þá hringdi síminn.

RRRRRRRRRRRRRIIIIIIIIIIIIIINNNNNNNNNNN
GGGGGGGGGGG!!!!

Mamma flýtti sér eins og hún gat að finna símann en af því að hún er alltaf með heila snyrtistofu í töskunni sinni gekk það eitthvað illa.

RRRRRRRRRRRRRIIIIIIIIIIIIIINNNNNNNNNNN
GGGGGGGGGGG!!!!

Ég fann hvernig allir byrjuðu að stara á okkur. Kaldur svitatumur fór að renna niður bakið á mér. Hann rann niður hvern hryggjarliðinn á fætur öðrum þangað til ég hætti að finna fyrir honum. Ég var hálfþæginn að finna ekki hvert þessi svitalækur rann.

RRRRRRRRRRRRRIIIIIIIIIIIIIINNNNNNNNNNN
GGGGGGGGGGG!!!!

Pabbi leit örvæntingaraugum á mömmu. Á sama tíma fann hún símann og slökkti á honum. Hún leit upp og náði augnsambandi við pabba. Hún dró djúpt andann og

gerði hæga handarhreyfingu, eins og til að sýna honum að hann ætti að gera eins.

Pabbi starði á mömmu, dró andann djúpt og andaði svo rólega frá sér. Mamma brosti og sagði svo án þess að það heyrðist:

„Góðir gestir ...“

Það örlaði á þakklætisbrosi hjá pabba. Hann virtist slaka á og leit á blöðin sín. Allt í einu var eins og hann sæi byrjunina á ræðunni. Hann sagði háum og styrkum rómi:

„Góðir gestir, ehem, Háskólarektor og hérna hér ... forseti Íslands ... það er mér mikill heiður að fá að halda ræðu hér í þessum sal í tilefni af fullveldisdegi Íslands. Þessi dagur ...“

Ég áttaði mig á því að ég hafði ekki andað þessar mínútur sem pabbi hafði ekki getað talað í ræðustólnum. Nú andaði ég. Og allir hinir líka. Allur salurinn andaði í takt. Hann andaði léttar. Miklu léttar. Mamma brosti. Palli hristi höfuðið. Amma vissi allan tímann að sonur hennar færi nú ekki að klikka á svona smáræði eins og einni hátíðarræðu.

Siggi var sá eini sem var svekktur. Hann langaði virkilega að segja þennan bananabrandara.